

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Húsbyggingasjóð aldamótakynslóðarinnar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóvember 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Húsbyggingasjóð aldamótakynslóðarinnar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Húsbyggingasjóður aldamótakynslóðarinnar. Heimili hans og varnarping er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Páli Helgasyni, Hrafnistu, Hafnarfirði, til minningar um foreldra hans, hjónin Helga Eyjólf Jónsson og Sigríði Eggertsdóttur Briem, sem síðast bjuggu að Bókhöðustíg 7, Reykjavík, fósturforeldra hans, Ragnheiði Helgadóttur frá Vogu og Ásgeir Bjarnason, bónda í Knarrarnesi á Mýrum, og Maríu Þórðardóttur frá Hofsstöðum í Gufudalssveit, sambýliskonu stofnandans, sem fædd var 15. ágúst 1904 og andaðist hinn 13. júlí 1980.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að byggingu íbúðahverfis fyrir aldraða á Reykjavíkursvæðinu, er verði í nánnum tengslum við heilsugæslustöðvar, eina eða fleiri, sem veiti fullkomna heilsugæslu og lækniþjónustu.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200 000,00 — tvö hundruð þúsund krónur — gefið af stofnanda hans, Páli Helgasyni.

Tekjur sjóðsins verða framlög frá einstaklingum og félagasamtökum, minningargjafir og áheiti og vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum áskotnast. Gjafafé og önnur framlög ásamt helmingi vaxta skal leggja við stofnfé a. m. k. þar til sjóðurinn hefur fimmfaldast. Stofnfé skal verðtryggt og myndar það höfuðstól sem aldrei má skerða. Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan hátt með hæstu ávöxtun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, kosnum til eins árs í senn, af félagi er verði stofnað af ellilífeyrisþegum og hafi að markmiði að byggja íbúðahverfi fyrir aldraða á Reykjavíkursvæðinu.

Par til félagið hefur verið stofnað og stjórn kosin fyrir sjóðinn, fer þriggja manna nefnd með málefni sjóðsins. Í nefndinni skulu vera stofnandi sjóðsins, Páll Helgason, Hrafnistu, Hafnarfirði, Erlingur Viggósson, verkstjóri, Gnoðavogi 82, Reykjavík og Hallgrímur Pétursson, formaður Verkamannafélagsins Hlífar, Hafnarfirði. Missi einhvers nefndarmanna við úr nefndinni tilnefna hinir tveir mann í hans stað.

6. gr.

Fé úr sjóðnum skal, eftir því sem þurfa þykir, varið til útbreiðslu og kynningar á þeim markmiðum er að baki félagsstofnunar skv. 5. gr. liggja, en að því frátöldu til allra þeirra hluta er orðið geta framangreindu félagi til framdráttar og vegsauka, allt skv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum. Hún semur árlega efnahags- og rekstursreikning sjóðsins, sem skal endurskoðaður af tveimur endurskoðendum kjörnum á sama hátt og stjórnin. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Verði ekki af stofnun félags með framangreindu markmiði, sbr. 5. gr., skulu eignir sjóðsins renna til Styrktarsjóðs aldraðra og verða þar sérsjóður fyrir Reykjavík.

Allar ákvarðanir um að leggja niður sjóðinn eða breyta markmiðum hans eru háðar samþykki a. m. k. $\frac{4}{5}$ hluta stjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 407 frá 26. september 1984, um
loðnuveiðar á haustvertíð 1984 og vetrarvertíð 1985.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Íslenskum skipum eru bannaðar allar loðnuveiðar. Þó er eftirgreindum skipum á tímabilinu 1. október 1984 til 15. apríl 1985 heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskrn.nr.	Leyfilegt aflamagn Tonn:
Albert GK 31	1046	11 100
Beitir NK 123	0226	15 000
Bergur VE 44	0968	10 600
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	13 700
Börkur NK 122	1293	13 900
Dagfari PH 70	1073	10 700
Eldborg HF 13	1525	16 300
Erling KE 45	1361	10 200
Fífill GK 54	1048	11 200
Gígja RE 340	1011	11 800
Gísli Árni RE 375	1002	11 200
Grindvíkingur GK 606	1512	13 700
Guðmundur RE 29	1272	12 700
Guðmundur Ólafur ÓF 91	1020	11 000
Guðrún Þorkelsdóttir SU 211	1076	11 800
Gullberg VE 292	1401	11 100
Hákon PH 250	1059	12 100
Harpa RE 342	1033	11 300
Heymaey VE 54	1035	10 700
Helga II RE 373	1018	10 800